

Félag íslenskra safna og safnmanna. FÍSOS.
Fundargerð.

Fundur haldinn á Byggðasafninu í Hafnarfirði mánudaginn 20. september 2004 kl. 15:00.

Mættir: Karl Rúnar Þórsson, Sigrún Ásta Jónsdóttir, og Gerður Róbertsdóttir og Rannveig Þórhallsdóttir. Jóhann Ásmundsson var veikur.

1. Rætt um stöðu mála hjá stjórn félagsins en formaðurinn er nú á sjúkrahúsi. Sigrún Ásta, varaformaður, tekur að sér að vera tengiliður við Nodem og leysir Jóhann af í safnaráði. Brýnt er að uppfæra heimasíðuna, koma inn upplýsingum um næsta farskóla og koma inn leiðréttingum á safnlistann. Ákveðið að Rannveig skoðaði heimasíðuna, uppfæri safnlistann og taki út umsóknareyðublað um aðild að félaginu, eyðublaðið virkar ekki, og því betra að vísa áhugasömum á netföng stjórnarliða.
2. Farskóli safnmanna 2004.
 - Karl Rúnar, fulltrúi félagsins í skólastjórninni, sagði frá stöðu mála, búið er að senda út dagskrá og verið er að fínþússa dagskrárliði.
 - Rætt um fyrirhugað málþing safnaráðs á Farskólanum og afstöðu félagsins. Lagt til að starfsmaður safnaráðs kynni niðurstöður könnunar sem fylgir umsóknareyðublaði um styrkumsóknir í safnasjóð. Einnig rætt um að fulltrúi FÍSOS flytji skýrslu um starfsemi safnaráðs og aðkomu félagsins, og að safnaráð verði í panel og umræður verði um starfsemi safnaráðs. Karl Rúnar kynsir þessar hugmyndir fyrir skólastjórninni.
 - Stjórnin þarf að undirbúa aðalfund, finna fundarstjóra og fundarritara og senda út fundarboð tímanlega. Rannveig tekur það að sér að útbúa fundarboð og koma með á næsta stjórnarfund fimmtudaginn 14. október kl. 15.
3. Fjármál félagsins. Gjaldkeri sagði frá fjárhagsstöðu félagsins, rekstrarafgangur frá fyrra ári var krónur 500.000.-. Nú eru um 170 félagar í félaginu og 122 búnir að greiða félagsgjöld. Á reikningi eru nú um 500.000.-Kostnaður á þessu ári hefur verið í tengslum við Kyndilmessu, einhver skrifstofukostnaður og kostnaður vegna heimasíðu. Rætt um góðan fjárhag félagsins, hugmyndir reifaðar um að styrkja næsta endurmenntunarnámskeið með því að fá erlenda fyrirlesara. Á döfinni er að næsta námskeið fjalli um fyrirbyggjandi forvörslu. Rætt um að hefð væri komin á það að farskólinn stæði undir sér með styrk frá menntamálaráðuneytinu og þátttökugjöldum. Þó eru aðstæður í heimabyggð gestgjafa hverju sinni afar mismunandi og því má ekki útiloka að félagið þurfi að hlaupa undir bagga. Rætt um mikilvægi þess að stjórnin fylgist með undirbúningi farskóla hverju sinni og fái kostnaðaráætlun. Rætt um að stjórnin þyrfti að útbúa „Handbók fyrir farskóla“ þar sem væru leiðbeiningar td. um helstu kostnaðarliði, skipulagningu og fleira gagnlegt.
4. Safnaverðlaunin – bréf/tölvupóstur frá Lilju Árnadóttur formanni ICOM þar sem rætt er um áframhaldandi samstarf ICOM og FÍSOS á þessu sviði og

hugmyndir um breytta tilhögun við afhendingu safnaverðlaunanna. Íslandsdeild ICOM kemur með þá hugmynd að afhenda verðlaunin 18. maí, á alþjóðlegum safnadegi. Rætt um þessa tillögu, tengingu við farskólann og kynningarmál í tengslum við safnaverðlaunin. Stjórn FÍSOS telur nauðsynlegt að sem flestir safnmenn séu ætíð viðstaddir verðlaunaafhendinguna. Reifuð sú hugmynd að tengja afhendinguna við endurmenntun safnmanna á vormánuðum. Karli Rúnari og Gerði falið að ræða við fulltrúa ICOM um málið.

5. Önnur mál.

- Rætt um félagsskírteini. Það þarf að prenta ný og lagfæra texta, taka út heimilisfang og símanúmer en setja inn veffang. Gjaldkeri tekur það verkefni að sér.
- Rætt um bréf sem barst í sumar frá safnaráði, sjá fylgiskjal, varðandi tengilið við European Museum Forum. Sigrún Ásta tók að sér að kanna þetta mál nánar.
- Rætt um útgáfumál, ma. hugmynd um Árbók safna jafnvel í samvinnu við safnaráð og ICOM en einnig rætt um Sögu og hugsanlega aðild safnmanna. Karl Rúnar tekur að sér að kanna þessi mál og athuga grundvöll þess að funda með ritstjórn Sögu.

Næsti fundur ákveðinn fimmtudaginn 14. október kl. 15.

Fundi slitið kl. 17:00